Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur 9. janúar 2014, kl. 12:00 í Fjölheimum, Selfossi

Mætt: Ása Valdís Árnadóttir formaður, Elva Dögg Þórðardóttir, Gunnar Þorgeirsson, Margrét Runólfsdóttir (í síma) og Þórður Freyr Sigurðsson. Dagný Hulda Jóhannsdóttir og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir sitja einnig fundinn og ritar Ragnhildur fundargerð.

Fundarefni:

1. **Framvinduskýrsla**

Dagný fer yfir framvinduskýrslu fyrir september til desember 2014.

2. **Staða samninga við sveitarfélög**

Búið að senda samninga til undirritunar á öll sveitarfélög og eru þeir farnir að berast í hús.

3. **Fjármál – áætlun 2015**

Fjárhagsáætlun ekki komin en um leið og forsendur skýrast þá verður hún kláruð.

4. **Stefnumótun MSS**

Farið yfir drög að nýrri stefnu, stjórnarmenn ætla að skoða hana betur og senda athugasemdir.

Markaðsstofan á að vera tengiliður svæðisins við fulltrúa sveitarfélaga og klasa.

Taka þarf saman allar þær upplýsingar sem til eru hér og þar um ferðamál á Suðurlandi, lagt er til að fá fund með atvinnuráðgjöfum SASS og fá þá í samstarf.

5. **Sýningar og vinnustofur framundan**

Mannmót verður 22. janúar og sér Markaðsstofa Suðurlands um skipulag þar ásamt öðrum markaðsstofum landshlutanna.

Mid-Atlantic verður 5.-7. febrúar og verður Markaðsstofan með bás þar ásamt því að koma að tveimur ferðum fyrir þátttakendur á laugardeginum.

Ákvörðun um aðrar sýningar verða teknar samhliða fjárhagsáætlun.

6. **Önnur mál**

Umræða var um hvort fundir stjórnar eigi að vera snertifundir eða oftar símafundir, tekin var ákvörðun um að halda sig við snertifundi.